

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflutninga.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Er unnið að heildarendurskoðun sjúkraflutninga í landinu og ef svo er, hver er aðkoma fag- og stéttarfélags sjúkraflutningamanna að málinu? Hafa fundir verið haldnir og þá hve margir? Er unnið eftir ákveðinni stefnumörkun og ef svo er, hver er hún?
2. Hve miklum fjármunum, í heild, var varið árlega til sjúkraflutninga árin 2006–2010? Hver er kostnaður við sjúkraflutninga á eftirtöldum stöðum á sama tímabili: Árborg, Akureyri, Suðurnesjum, Ísafirði og Húsavík? Svar óskast sundurliðað eftir árum (áætlað 2010).
3. Eru sjúkrabílar á öllu landinu mannaðir tveimur sjúkraflutningamönnum? Hvaða staðlar gilda um sjúkraflutninga og telur ráðherra að þeim sé fylgt í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið?
4. Hver er stefna ráðherra varðandi útboð á sjúkraflutningum? Er unnið að slíku útboði í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.